

Ed.

193. Frumvarp til laga

[107. mál]

um hækkun bóta almannatrygginga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Frá 1. janúar 1964 skulu allar bótafjárhæðir samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 72 9. des. 1963, um hækkun á bótum almannatrygginganna, hækka um 15%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. er svo ákveðið, að allar bætur almannatrygginga, eftir því sem við getur átt, hækki um 15% frá ársbyrjun 1964.

Fyrir var samþykkt á þessu þingi stjórnarfrumvarp þess efnis, að tryggingabætur, aðrar en fjölskyldubætur, hækki frá 1. júlí 1963 um 15%. Fyrir þeirri hækkun voru færð þau rök, að almenn verkalaun hefðu þá tvívegis hækkað á árinu 1963, fyrst í janúar um 5% og aftur í júní um 7.5%. Var af stjórnarvöldum talið óhjákvæmilegt að hækka bætur almannatrygginga til samræmis við þessar launahækkunir.

Síðan þetta stjórnarfrumvarp varð að lögum, hefur enn orðið hækkun almennra verkalauna, sú þriðja á árinu 1963. Það varð í desember s. l., er kaup verkamanna og fleiri láglaunaslétta hækkaði um 15%. Nú ber því enn nauðsyn til að hækka bætur almannatrygginga, ef ósamræmi á ekki að skapast milli þeirra og almennra láglauna.

Í athugasemdum við áður nefnt stjórnarfrumvarp hljóðar ein málsgrein á þessa leið:

„Ef um frekari launahækkunir verður að ræða, verður að sjálfsögðu að endurskoða hækkun bóta, þegar þær launahækkunir liggja fyrir.“

Kauphækkunin hefur þegar orðið, og virðist þá eigi um annað að ræða en að standa við gefið fyrirheit. Þess er því vænt, að þetta frv. fái greiða og jákvæða afgreiðslu Alþingis.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að fjölskyldubætur hækki að þessu sinni til jafns við aðrar tryggingabætur. Þær hafa orðið út undan síðustu árin, þegar aðrar bætur hafa hækkað, en slíkt getur ekki gengið endalaust, nema ætlunin sé að gera fjölskyldubætur verðlausar með öllu. Það væri ósanngjarnt og kæmi enda hart niður á þeim fjölskyldum, sem barnmargar eru.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins á Alþingi hafa hvað eftir annað bent á nauðsyn þess að verðtryggja ellilaun og aðrar bætur. Aldrei hefur sú þörf komið betur í ljós en einmitt nú í vetur. Í desember er samþykkt bótahækkun, sem að réttu lagi átti að verða í janúar og í júní, ef svo er álitid, að bætur skuli breytast í samræmi við vinnulaun. Í sama mánuði og hækkunarsamþykktin er gerð, aðeins örlitlu síðar, hækka vinnulaun á ný, svo að nú verður löggjafinn enn að fara á stúfana og það sem fyrst, ella gerir hann lífeyrisþegum rangt til. Andstaðan gegn verðtryggingu bótafjár þjónar engum skynsamlegum tilgangi, nema nefnd sé því nafni tilhneigingin til að níðast á þeim fjárhagslega, sem veikastir eru í þjóðfélaginu, en það eru börnin, gamalmennin og öryrkjarnir.